

Vörusala

Síðast uppfært 25/06/2026 10:48 am BST

Í sölukerfinu getur þú haldið utan um og selt vöurnar þínar ásamt því sem þú getur auðveldlega séð hvaða vörur viðskiptavinir þínir hafa keypt áður.

Stofna vöru

- Þú byrjar á því að fara í **valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu.
- Næst ferðu undir **sala** og smellir á **vörulisti**.
- Smellir á bláa hnappinn uppi í hægra horninu sem stendur á **+Bæta við** og lítur svona út:

+ Bæta við

- Velur **+vara**.

Vöruflokkar

Ef þú ert með margar vörur til sölu notar þú **vöruflokk** til þess að skipuleggja vöurnar þínar þannig auðvelt sé fyrir þig að finna þær vörur sem þú ætlar að selja hverju sinni í miðju söluflerli.

Stofna nýjan vöruflokk

Þetta er gert á sama hátt og ný vara er stofnuð nema þegar þú smellir á **+bæta við** þá velur þú í staðin **+yfirflokkur**.

Síðan setur þú inn heiti vöruflokksins og getur valið ákveðin lit til þess að aðgreina vöruflokkana. Að lokum smellir þú á **stofna vöruflokk**.

i Ef þú vilt aðgreina vöurnar enn frekar getur þú verið með undirflokk undir vöruflokknum. T.d. geturðu verið með vöruflokk sem heitir **sjampó** og undirflokk sem heitir **Davines**.

Þú bætir við undirflokknum með því að smella á **+** (plúsinn sem þú finnur við hliðina á vöruflokknum í vörulistanum og velur **+ yfirflokkur**).

Bæta vöru inn í vöruflokk


Það er hægt að gera á tvenns konar hátt:

- Ef þú ferð undir vörulistann og smellir á ákveðinn vöruflokk getur þú hakað við þær vörur sem tilheyra viðkomandi vöruflokk.
- Ef þú ferð undir vörulistann og smellir á ákveðna vöru getur þú valið hvaða vöruflokk varana á að tilheyra undir **yfirflokkar**.

Strikamerki

Ef að vöruskanni er tengdur við tölvuna er hægt að bæta við strikamerki á hverja vöru og þannig hægt að skanna vörur inn í sölu í stað þess að leita af þeim eftir nafni.

Þú stofnar strikamerki með því að smella á vöruna í vörulistanum --> setur músina á stikuna undir **strikamerki** og skannar síðan inn vöruna.



Birgðakerfi

Þú getur skellt inn birgðastöðu á vörum inni í sölukerfinu og þannig fengið tilkynningu um leið og birgðarstaðan er orðin lág hjá þér.

Lestu meira um birgðakerfið [hér](#).

Nánari lýsing

Hægt er að vera með nánari lýsingu á vörunum. Það er gert með því að smella á vöru í vörulistanum og valið **nánari lýsing**.

Bókhaldsnúmer: Ef þú flokkar vörur þínar eftir bókhaldsnúmerum er þetta þinn reitur.

Mynd: Birtist í söluferlinu og einfaldar þér að velja rétta vöru þar.

Lýsing: Hefur engin áhrif eins og er, en mun vera mikilvægt þegar vörur birtast inni á Noona.

Fjöldabreyting

Ef þú ert með langan vörulista og þarft að gera breytingar á honum, eins og t.d. verðbreytingar, þá höfum við einfaldað ferlið fyrir það. Þú einfaldlega smellir á "fjöldabreyting" í vörulistanum og færð þá yfirlit yfir allar vörur þar sem þú getur breytt heiti, verði, lagerstöðu, sett inn strikamerki og VSK %.

Navigation icons: Home, Back, Forward, Refresh, Search, Noona stofan

Sala

- Yfirlit
- Reikningar
- Vörulisti
- Skýrslur
- Gjafabréf
- Stillingar gjafabréfa
- Netgreiðslur

Vörulisti

Leitaðu eftir vöruheiti

Sækja .csv skrá Fjöldabreyting Bæta við

Category	Item	Price (ISK)	Quantity
Hair	Hárnæring	1.500 ISK	20
	Conditioner	5.200 ISK	15
	Shampoo	5.000 ISK	4
Stress Balls	Stress Ball	1.500 ISK	10
Öflokkað			

Ný sala

Fjöldabreyting vara

+ Ný vara

Heiti vöru	Verð (ISK)	Lagerstaða	SKU	Strikamerki	VSK %	Hópur
Hárnæring	1500	20			24%	Hair
Conditioner	5200	15			24%	Hair
Shampoo	5000	4			24%	Hair
Stress Ball	1500	10			24%	Stress Balls

Engar breytingar

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbluna ef eitthverjar spurningar vakna og/ef þú ert með einhverjar ábendingar ?